



Efnisyfirlit

1	<i>Inngangur</i>	2
2	<i>Ytra mat</i>	2
3	<i>Starfsáætlun innra mats 2023 - 2024</i>	3
3.1	Matsteymi	3
4	<i>Niðurstöður innra mats 2023 - 2024</i>	4
4.1	Stjórnun og fagleg forysta	4
4.2	Nám og kennsla	5
4.3	Innra mat	5
4.4	Heildarniðurstaða innra mats - myndræn	7

1 Inngangur

Á skólaárinu 2023 – 2024 var matsþátturinn *Innra mat* tekinn fyrir eins og kemur fram í langtímaáætlun 2020-2024 [hér](#) sem og velferð og líðan nemenda sem metin er árlega og einstaka hlutar annarra þátta.

Mikilvægt er fyrir innra mats teymi að vera frekar óvægið í mati sínu fremur en ofmeta, þá er líklegra að framfarir og þróun verði á starfsháttum. Þá er mikilvægt að velja færri þætti en verið hefur og meta.

2 Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Borgarhólsskóla 2015. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik - og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á töflunni hér að neðan en skýrsluna í heild sinni má sjá [hér](#).

- RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.
- LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðis. vinnubr.	

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Borgarhólsskóla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Í kjölfar ytra mats árið 2015 setti starfsfólk Borgarhólsskóla sér það markmið að verða framúrskarandi skóli sem bæri skýr einkenni gæðastarfs.

3 Starfsáætlun innra mats 2023 - 2024

Gæðaviðmið skólans byggja á gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar sem sett eru fram í [Gæðastarf í grunnskólum](#) sem og [Matstækis um þróun skólastarfs](#) og taka mið af [skólastefnu Norðurbings](#) og [skólanámskrá](#). Það er markmið skólans að verða á 5. stigi skv. þeim matstækjum sem liggja til grundvallar.

3.1 Matsteymi

Í matsteymi er æskilegt að fulltrúi stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra sitja. Ber matsteymið ábyrgð á skipulagi og framkvæmd á innra matsins. Í því sitja:

- Arna Ásgeirsdóttur – fulltrúi foreldra
- Sóley Sigurðardóttir – fulltrúi annarra starfsmanna
- Eyrún Tryggvadóttir – fulltrúi kennara
- Árný Björnsdóttir – fulltrúi kennara
- Þórgunnur Reykjalin Vigfúsdóttir – fulltrúi stjórnenda
- NN – fulltrúi nemenda, kallaður til eftir þörfum

4 Niðurstöður innra mats 2023 – 2024

4.1 Stjórnun og fagleg forysta

Undirþætti stjórnunar og faglegrar forystu má sjá í töflunni hér til hliðar. Þessi þáttur var metinn í heild sinni á sl. ári.

Viðmið Borgarhólsskóla fyrir stjórnun og faglega forystu má finna [hér](#).

Með því að rýna í heimasíðu skólans, samtal matsteymis, foreldrakönnun okt '22, starfsmannapúlsinn mars '24 o.fl.

Má sjá og lesa að skólinn er á réttri leið og hefur styrkt stöðu sína frá sl. ári.

Niðurstaða: Skólinn er á góðri leið að uppfylla alla þætti um gæðaviðmið skóla. Helstu áhersluatriði fyrir næsta skólaár er að vinna áfram á ljósgrænum þáttum. Þættirnir Starfsánægja og faglegt samstarf og samræða styrktust töluvert skv. Starfsmannakönnuninni sem og vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.

Helstu umbætur: hafa sjónarmið nemenda til hliðsjónar við allar ákvarðanir sem hafa áhrif á þá, leita til foreldra eftir sýn og hugmyndum fyrir skólastarfið, virkja nefndir og ráð þar sem nemendur taka þátt – styrkja þeirra þátttöku.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmannastjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

4.2 Nám og kennsla

Undirþættir náms og kennslu má sjá í töflunni hér til hliðar en við bættum við þættinum Skimanir. Fjóra af átta þáttum átti að meta en matið frá fyrra ári var ekki endurtekið.

Viðmið Borgarhólsskóla fyrir nám og kennslu má finna [hér](#).

Velferð og líðan nemenda er metin á hverju ári með tengslakönnunum, samtölum heimilis og skóla, nemendaviðtölum og skólapúlsinum annað hvert ár

Niðurstaða: Ljósgrænn táknar meiri styrkleika en veikleika; verklag er gott og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Unnið verður áfram í öllum þessum þáttum þar sem markmiðið er að verða dökkgræn.

Helstu umbætur má finna í umbótaáætlun 2024

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms og námsumhverfi
Árangur náms	Námsvitund
Kennsluhættir og gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka
Velferð og líðan nemenda	

4.3 Innra mat

Þessi meginþáttur var metinn í heild sinni skólaárið 2020-2021 og viðmið Borgarhólsskóla fyrir innra mat má finna [hér](#).

Niðurstöður: Hér til hliðar má sjá myndræna framsetningu á mati teymisins þar sem ljósgrænn táknar meiri styrkleika en veikleika. Þá er verklag gott og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Samkvæmt langtímaáætlun átti að taka þennan þátt fyrir á skólaárinu. Það var ekki gert og ljóst að skólinn stendur ekki nógu

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

styrkum fótum í framkvæmd Innra matsins. Ekki tókst að manna teymið fyrr en í nóvember og þá þurftu nýir liðsmenn að hafa mikið fyrir því að koma sér inn í starfið. Sú ákvörðun var tekin undir vorið að fá kynningu á Bravo lessons sem er kerfi sem heldur utan um öll gögn innra matsins og sér um myndrænar framsetningar. Eftir kynninguna var teymið sammála um að gerast áskrifandi og nýta það á skólaárinu 2024-2025.

4.4 Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirki í stefnumótun	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	Velferð og líðan nemenda		

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Við lok skólaársins 2024-25 er stefnt á að 90% allra matsþáttanna verði flestir eða allir sterkir (grænir / ljósgrænir).